

Samstarfssamningur

Garðabæjar og Hestamannafélagsins Spretts

Hestamannafélagið Sprettur kt. 590712-0940 og Garðabær kt. 570169-6109 gera með sér eftirfarandi samstarfssamning um að efla barna og unglingastarf í hestaíþróttum í Garðabæ.

- Garðabær greiðir Hestamannafélaginu Spretti, Kjóavöllum, eftirfarandi styrki árlega:
 - Rekstrarstyrkur að fjárhæð kr. 4.000.000,-
 - Styrkur vegna barna- og unglingastarfs að fjárhæð kr. 2.000.000,-
- Með samningnum er lagður grunnur að reglulegu barna- og unglingastarfi og námskeiðahaldi á vegum félagsins á félagssvæði þess.
- Aðalstjórn félagsins ber alfarið ábyrgð á fjárreiðum félagsins. Aðalstjórn ber einnig ábyrgð á að halda aðalfund í félaginu samkvæmt lögum þess.
- Garðabær gerir þær kröfur að leiðbeinendur/þjálfarar séu með tilskilda þekkingu eða menntun í þeirri íþróttagrein sem stunduð er. Leiðbeinendur og þjálfarar þurfa að undirrita samning við félagið um að vera til fyrirmyndar í stundvísi, framkomu og annan hátt er að íþróttinni lýtur. Allir sem að starfi með æskufólki á vegum félagsins koma þurfa að uppfylla skilyrði æskulýðslaga um hreint sakavottorð.
- Félagið skal við framkvæmd samningsins huga sérstaklega að því að mæta þörfum fatlaðra barna og ungmenna í samræmi við stefnu Garðabæjar í málefnum fatlaðs fólks.
- Hestamannafélagið Sprettur skal fyrir 1. mars leggja fram áætlun fyrir íþrótt- og tómstundaráð Garðabæjar um helstu verkefni og áherslur í starfsemi félagsins á árinu ásamt ársskýrslu félagsins.
- Hestamannafélagið Sprettur ber ábyrgð á að félagið uppfylli skilyrði reglna til að teljast fyrirmyndarfélag ÍSÍ og starfi samkvæmt þeim markmiðum sem um slík félög gilda.
- Greiðslur skulu vera í samráði við fjármálastjóra Garðabæjar en önnur samskipti er varða þennan samning við íþróttfulltrúa Garðabæjar.
- Samningur þessi gildir til ársloka 2017, uppsegjanlegur með 6 mánaða fyrirvara, en endurskoða skal fjárhæðir við gerð fjárhagsáætlunar Garðabæjar fyrir hvert ár.

Garðabæ, 01.07.2015

F.h. Hestamannafélagsins Spretts

F.h. Garðabæjar

Gunnar Einarsson,
bæjarstjóri.